



Svífðu, litla, létta blað...

7. tbl., 2. árg.

Skóladeild Akureyrar

Fjölbjóðlegt samfélag Akureyrar

Akureyrarvaka og námsvefurinn Katla!

Að venju var Akureyrarvaka haldin í tengslum við afmælisdag bæjarins, þann 29. ágúst.


Á afmælisdaginn mættu nemendur úr grunnskólum bæjarins inn í verslunina Eymundsson og máluðu þar fána þeirra þjóða sem búa í bænum en hér býr fólk frá nærri 60 þjóðlöndum. Krakkarnir voru áhugasamir og verkið gekk greiðlega fyrir sig, þó að erfitt væri að ná ýmsum smáatriðum í einstökum fánum.

Mikill fjöldi bæjarbúa lagði svo leið sína í Hof þegar þar var boðið upp á fjölbjóðlegt eldhús. Þar var boðið upp á ótrúlegt úrval af framandi réttum sem gaman var að bragða á.

Einhver hafði á orði að pólskar kleinur væru betri en þær íslensku. Við pólska borðið var líka boðið upp á soðkökur með sveppafyllingu og reyktu og hvíta pylsu. Frá Sviss var boðið upp á örþunnt, fallett kex úr einskonar "vöfflugjárn", frá Kenýa innbakað kjöt í brauði og bæði hátíðasalat og hversdagssalat frá Rússlandi. Svo má nú ekki gleyma því sem er þýskast af öllu, súrkáli (sauerkraut) og frá Frankfurt komu gómsætar marsipan-smákökur sem minntu helst á jólin.

Auk þess að vera veisla fyrir bragðlaukana var gaman að sjá táknræna hluti frá mörgum löndum, t.d. listilega útskorna ávexti og grænmeti frá Thailandi, svissneska kú sem minnti á rjómasúkkulaði, babúrskur frá Rússlandi, bjöllu sem er hengd upp til verndar heimilum í Búlgariu o.fl.

Loks má svo nefna fatnað margra þeirra sem kynntu löndin sín og mættu í þjóðlegum búningum, litríkum og glæsilegum.





Berner Brätzeli

Þjóðlegar smákökur frá Sviss, aðallega kantónunni Bern. Smákökurnar eru steiktar í nokkurs konar vöflujárni með svissneska fánanum eða birninum frá Bern. Það er mikil hefð fyrir þessum smákökum, sérstaklega um jólin. Þær eru þó borðaðar allt árið, líka kryddað afbrigði. Til eru heimildir um bakstur á þessum kökum frá árinu 1373.

Námsvefurinn Katla

Í mörg ár hafa þær Anna Guðrún Júlíusdóttir og Sigríður Ólafsdóttir unnið að námsefnisgerð og ýmsum verkefnum fyrir nemendur með íslensku sem annað mál og sett á námsvefinn Kötlu. Vefurinn er kominn undir Tungumálatorg og allir hafa nú frjálstan aðgang að honum. Þar er fullt af góðum verkefnum sem er um að gera að nota sér. Slóðin er : <http://tungumalatorg.is/katla/> Ég hvet alla til að skoða þennan flotta verkefnabanka og nýta sér hann!

Með bestu kveðju,
Helga